

Hafnarreglugjörð

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. maí 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum, eða, ef um skip ræðir, sem fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinn á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta eins og önnur þau gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, í hafnarsjóð Ísafjarðar. Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal enn fremur gjalda 10 aura af hverri smálest.

Af skipum, er hafna sig oftast en einu sinni á árinu á Ísafjarðarhöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en að eins með $\frac{3}{4}$ hin önnur skiftin.

Af skipum, er annaðhvort flytja farm í land eða frá landi, skal greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásum á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð, en af öðrum skipum ekki nema lagst sje fyrir innan línu, er hugsast dregin frá Norðurtanganum þvert yfir í stein eða annað merki á Kirkjubólshlíð, er sje málað hvítt að ofan og rautt að neðan. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal enn fremur greiða:

1. 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefir verið upp á Ísafjarðar fjöru til hreinsunar eða aðgjörðar, og
2. 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi kaupstaðarins.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hvernar þjóðar sem eru,

- 90 2. öll skip, sem að fiskveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma
17. maí ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir, og
3. skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau aftur flytja burt farminn allan og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annars staðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916, og skal endurskoða hana fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

91
17. maí

Hafnarreglugjörð

fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. maí 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, fyrir innan beina línu úr merkisteini, merktum B, sem er á takmörkum Búðahrepps norðan fjarðar, yfir fjörðinn í næsta gil innan við bæinn Sævarborg sunnan fjarðar, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir:

- a. Útlend veiðiskip, síldveiðaskip, hvalveiðaskip og öll innlend og útlend flutningsskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hverskonar sjáfarafía sem er milli landa), skulu gjalda 5 auru af hverri smálest alls farmrúmsins í fyrsta sinn á ári hverju, er þau leggjast á höfnina, hvort sem